



Messalína, eftir Jóhönnu K. Yngvadóttur.




„Sem á himni“ og „Svo á jörðu“, eftir Steinunni Þórarinsdóttur.



Oltre la porta (Að hurðarbaki), eftir Rögnu Steinunni Ingadóttur.



Survivor of the fittest (Sá sterkasti kemst af), eftir Guðnýju Björk Richard.



Kíkt í auga, eftir Sóley Eiríksdóttur.

Misjöfn markmið og gæði

9 konur – 69 verk á Kjarvalsstöðum



New York, eftir Erlu Þórarinsdóttur.

Mikið er um konur á Kjarvalsstöðum um þessar mundir, eða eins og eitt blaðanna sló upp í fyrirsögn með upphrópunarkerki, þá sýna þar hvorki meira né minna en 13 konur og aðeins einn karl. Það hlýtur því að fara kuldahrollur um íslensk karlrembusvín þessa dagana. Einkum þegar það er haft í huga að yfirbragð beggja sýninga Kjarvalsstaða er athyglisvert og þess virði að þær séu vel sóttar.

Það er engin nýlunda að konur kveði sér hljóðs í íslensku myndlist. Ekkert land sem ég veit um hefur átt á þessari öld jafn fríðan hóp kvenkynslistamanna sem skarað hafa fram úr og staðið með list sinni jafnfætis karlpeningnum. Óþarft er að telja upp þessar konur, en allir hljóta að kannast við Júlíönu, Kristínu, Nínurnar tvær, Gerði, Ásgerði og hinar sem staðið hafa í fararbroddi umbyltinga 20. aldarinnar.

Gjaldgengar í myndlist

Spurningin er miklu fremur þessi: Hvers vegna hafa konur á Íslandi staðið svona framarlega í myndlistinni? Svarið er e.t.v. nærtækt og skýrir sjálfst þegar sögulegar staðreyndir kvennalistar eru athugaðar. Það kemur nefnilega á daginn að íslensk nútímalist fæddist um líkt leyti og hömlum á inngöngu kvenna í listaskóla var aflétt. Fram yfir aldamótin voru í velflestum akademíum heims siðareglur sem meinuðu kvenfólki aðgang. Mun það fyrst og fremst hafa verið vegna nakinna karlmóðela sem síðlaust þótti að konur gengju listmenntabrotinu. Konur fóru því varhluta af menntun á sviði myndlista og þóttu því ekki gjaldgengar í hópi meistara á þessu sviði.

Vegna þess hve íslensk myndlist er ung, í evrópskum skilningi þess orðs, tókst konum að eygja í henni vettvang þar sem þær stóðu fullkomlega jafnfætis körlum sem byrjendur í faginu. Jafnvel má leiða líkum að því að þær hafi haft þar meiri reynslu en þeir

sökum langrar hannyrðahefðar. Hvað sem öðru líður, þá er mikill munur á stöðu kvenna í íslensku myndlistasögu og þáttar þeirra í hefðbundnari listgreinum svo sem ljóðlist. Þar hafa karlar ráðið lögum og lofum allt fram á okkar dag. Undantekningar eru sorglega fáar, enda hefur það eflaust ekki þótt stýra góðri lukku áður fyrr að kvenfólk útmálaði tilfinningar sínar á þessu sérsviði þjóðlegrar listtjáningar.

Munklífi í gósenparadís

Enda er það svo að minna hefur farið fyrir umræðu um sérstaka kvennalist innan íslenskra myndlista, en bókmennna, þar sem þær telja sig hafa verið verulega hlunnfarnar. Þetta táknar ekki að konur standi öldungis jafnfætis karlmönnum í myndlist hvað möguleika og aðstöðu varðar, heldur að staða þeirra er þar mun skárrí. Helst eru það einkahagir sem varna því að konur standi jafnfætis karlmönnum að aðstöðu til myndlistaiðkana; s.s. almennt, bág efnahagsafkoma þeirra og barneignir. Hins ber þó að gæta að fjölmargir karlar hafa þurft að gera sér einlífi að góðu til að geta unnið sem skyldi að list sinni. Ber þetta vott um léleg kjör listamanna í gósenparadísinni þar sem „fólk hefur það orðið allt of gott“ og „styrkir til listamanna ganga út í öfgar“.

Samsýning 9 kvenna í vestrarsal Kjarvalsstaða sýnir að konur draga ekki af sér, heldur standa vörð um stöðu sína í íslensku myndlist. Þeim fjölgar einnig jafnt og þétt um leið og þær sækja stöðugt í sig veðrið.

Fulltrúar hins besta

Á sýningunni er að finna um 70 verk, mestmegnis málverk en einnig skúlptúr unninn í járn og leir. Munur er á framsækni þessara listamanna, en sem fulltrúar hins besta standa þær Jóhanna Kristín Yngvadóttir og Steinunn Þórarinsdóttir, önnur málari, hin myndhöggvari. Þetta ætti varla að koma á óvart því báðar hafa þær sýnt svo um munar hvað í þeim býr.

Verk þeirra búa yfir þeim frumkrafti sem einlæginn ein get-

ur skapað ásamt staðfastri vinnu og rækt við listina. Beiting Jóhönnu Kristínar á einfaldri ljóskuggatækni (chiaroscuro) til að laða fram tilfinningalegar sveiflur, skipar henni andlega á bekk með gömlum meisturum á borð við Rembrandt og de la Tour. Eitthvað í menningu okkar gerir myndir hennar sannar, e.t.v. hið sama og gerði myndir áður nefndra meistara sannar á sínum tíma.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

Steinunn Þórarinsdóttir þarf ekki ríkulegt efnisval eða flókið myndefni til að túlka veruleikavísun sína. Henni tekst að teikna skilmerkilega með járninu lágmyndir sínar „Sem á himni“, „Svo á jörðu“ og bæta þar með nýrri vídd í höggmyndalist sína. Höggmyndir sem við höfum vanist að væru efniskennastar allra listaverka, verða óefniskennastar á þessum að tapa inntaki sínu. Einungis steypuandlit engilsins er materialiserað og stólpinn sem mannfær er bundin við. Þetta er skýrt dæmi um það hvernig Steinunn sveigir efniviðinn að myndhugsun sinni.

Markmiðapurro

Sóley Eiríksdóttir er annar listamaður sem sýnir höggmyndir á þessari sýningu. Verk hennar, sex að tölu, eru unnin í steinleir og járn. Þetta eru andlit eða grímur, kynjaverur sem minna á sjávardýr úr djúphöfum eða verur frá öðrum hnöttum. Verk þessi feta hina mjóu stigu milli listar og skreytilistar. Útfærsla þeirra er myndræn og litavalið fagað. Sóley virðist búa yfir hæfileikum til að fá efnið til að tala á glettinn og íróniskan hátt.

Harpa Björnsdóttir spilar einnig á vissa dekoratíva strengi í myndum sínum sem unnar eru með blandaðri tækni og eru eins konar millistig milli málverka og teikninga. Það er eitthvað í verk-

um hennar sem minnir á austræna teiknilist, enda hefur hún yfir að ráða ágætum hæfileikum á því sviði. En verk hennar skortir annað sem máli skiptir og kalla mætti forsendur. Þau hafa lítil innri tilþrif og bæta engu við það sem áður hefur verið gert.

Sömu sögu er að segja um verk Rögnu Steinunnar Ingadóttur. Hana skortir ekki teknísk vinnubrögð, heldur eitthvert markmið með myndum sínum. Í Rómaborg hefði þó mátt ætla að hægt væri að finna einhvern frásagnarhvata sem tendraði eld í norrænu hjarta.


Þær Björg Örvar, Erla Þórarinsdóttir og Ásta Ríkharðsdóttir reyna að skapa sér ögn hugmyndaríkari veröld með því að veita inn í verk sín godsögnum og tákmyndum. En annað hvort er að godsagan er orðin listamönnum nútímans of fjarlæg eða þá þeir skynja ekki kraftinn og safann í henni og því fer hún fyrir ofan garð og neðan hjá þeim og áhorfendum. Einungis hjá yngsta meðlimi þessa hóps, Guðnýju Björk Richard, skapast þau tengsl við hana sem rofnað hafa hjá hinum þrem áður nefndu. Hún virðist því eiga möguleika á að ná tangarhaldi á inntaki verka sinna þegar fram í sækir.

Meinloka


Þrátt fyrir bernskubrek svo margra er sýningin líflæg og felur í sér fleiri frjókorn en þau sem opnast hafa. En fyrst og fremst leiðir hún í ljós vissar hættur sem fólgna eru í hinu svonefnda nýja málverki, eða öllu heldur afstöðu ungra listamanna til þess. Þeir virðast nefnilega margir haldnir þeirri meinloka að þessir nýju straumar í málverkinu séu eins konar kítarkort sem kaupa megi fyrir gamlar lummur af handahófi. Ekki þurfi annað en kíkja pikkultíð hér og þar, án þess að setja sjálfan sig að veði.

Hingað til hefur engin list verið fundin upp sem gerir listamanninn stikkfrí frá því að kryfja til mergjar hvert hann sé að fara og hvað hann sé að meina. Og bestu verk þessarar sýningar benda ekki til þess að nýbylgjulistin sé fremur en önnur einhver óminnishegri sendur til bjargar stefnulausum listamönnum.

HBR



Marbendill í sjávarháská, eftir Björgu Örvar.



Blátt nau, eftir Ástu Ríkharðsdóttur.



Hver ert þú?, eftir Hörpu Björnsdóttur.